
1. fundur stjórnar Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi mánudaginn 26. apríl 2005, kl. 16:15.

Mætt: Smári Haraldsson, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Birna Gunnlaugsdóttir og Guðjónína Sæmundsdóttir sem vék snemma af fundi.

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Ingibjörg er varaformaður, Þorbjörg gjaldkeri, Birna ritari og Guðjónína meðstjórnandi.

Rædd voru fyrstu verk nýrrar stjórnar. Birna sækir um kennitölu og Þorbjörg stofnar reikning í framhaldinu og rukkar inn félagsgjöld og styrk frá Starfsgreinasambandi Íslands. Ingibjörg og Smári senda út fréttatilkynningu, en Ingibjörg lét taka myndir á fundinum sem senda má með.

Samþykkt að ræða við Mennt um möguleika á að þau haldi utan um starfsemi Leiknar s.s. styrkumsóknir í Evrópusjóði og bókhald.

Fram kom að Smári hefur þegar sótt um styrk til menntamálaráðuneytisins að upphæð kr. 1.000.000.- en ekki fengið svar. Hann knýr á um það.

Rætt að stefna skyldi að næsta fundi undir lok maí og hafa rætt við Mennt áður.

Smári tók að sér að senda bréf til starfsmenntasjóðanna og óska eftir styrk frá þeim til samtakanna.

Fundi slitið kl. 16:40

Birna Gunnlaugsdóttir, ritari
Smári Haraldsson
Þorbjörg Jónsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir